

Tillögur að stefnumótun Sveitarfélagsins Árborgar í íþróttum og tómstundamálum 2008-2015



Árið 1998 sameinuðust Selfosskaupstaður, Eyrarbakkaheppur, Stokkseyrarheppur, Sandvíkurheppur í Sveitarfélagið Árborg. Þar með varð til stærsta sveitarfélag á Suðurlandi, en áður hafði Vestmannaeyjar verið stærsta sveitarfélagið. Frá þeim tíma hefur Árborg verið höfuðstaður Suðurlands, Selfoss hefði e.t.v. áður getað gert tilkall til þess heitis. Hlutverk Árborgar sem höfuðstaðs er þjónusta við önnur Suðurland á ýmsum sviðum.

Við skoðun á íþrótt, æskulýðs og tómstundastarfi í Árborg vekur athygli sá mikli félagsauður sem í sveitarfélaginu býr. (Sjá skilgreiningu hér að neðan). Þetta er afar mikill styrkleiki í samfélagi. Ástæður þessa eru eflaust margar. Suðurland hefur verið flokkað sem „heitt“ svæði félagslega. Það á bæði við virkni í starfi íþrótt og æskulýðsfélaga, kvenfélaga, kórastarfsemi, leiklistarstarfsemi og öðru félagstarfi. Með þessu starfi hefur byggist upp reynsla, og þekking, í hefðir sem mynda menningu í félagsmálum. Með því að alast upp í þessari menningu færist a.m.k. hluta til þekking milli kynslóða. Á Árborgarsvæðinu hefur lengi verið öflugt félagstarf en þar við bætist að margir þeirra sem eru aðfluttir í Árborg koma frá nágrenasveitarfélögum og koma með hefðir úr þeim sveitarfélögum.

Í Sveitarfélaginu Árborg hafa menn tilhneigingu til þess að vinna í kössum hver í sínu horni. Mikill mannauður sem gæti nýst milli kassa, fer til spillis. Kassarnir aðskilja fólk eftir flokkspólitík, áhugamálum eða jafnvel fjölskyldum. Skilningur á starfi milli aðila er ekki nægur og þar með skortir virðingu. Þekking og reynsla nýtist ekki sem skildi. Nokkur átök hafa verið í pólitíkinni í sveitarfélaginu undanfarin ár sem mynda flokkadrætti, en fleiri þættir koma til. Skortu á samstarfi og virðingu geta kallað á átök, sem verða til þess að gott fólk hætti að starfa að málaflokkum. Mjög mikilvægt er að markvisst verði unnið að nýta mun betur félagsauð í samfélaginu sem best t.d. með „klasavinnu“ þ.e. samkeppni með samvinnu. Þannig væri hægt að stórauka þann árangur sem gæti náðst í þessum málaflokki og bæta mannlíf í samfélaginu. Einnig væri hægt að koma á vettvangi þar sem aðilar á þessu sviði t.d. einu sinni til tvisvar á ári til þess

að fjalla um mál, eða fara yfir starfsvettvanginn. Þorpsandi getur verið mjög gagnlegur og í slíkum jarðvegi vaxa upp margir afreksmenn allra þjóða. Í sumum samfélögum getur slíkur andi farið út í að vera hamlandi, neikvæð samkeppni og þá er leitað að veikleikum manna í stað að leita að styrkleikum og rækta þá. Sé unnið skipulaga er hægt að skapa menningu sem er jákvæður jarðvegur til vaxtar. Mikilvægt er að taka þá þeirri sóun sem er á félagsauð á svæðinu.

Róttækar breytingar hafa verið í hugsun varðandi íþrótt, tómstunda og æskulýðsstarf á Íslandi. Áður var þessi málaflokkur nánast ekki á borðum sveitastjórna, heldur á framfæri frjálsra félagasamtaka. Nú er litið á þetta starf sem samfélagsverkefni sveitarfélaga og skóla, og frjálsra félagasamtaka. Félögin fá hærri styrki, en jafnframt er gerðar meiri kröfur til fagmennsku innan félaganna, svo og að fjármál og bókhald félaganna sé í góðu horfi. Víða tíðkast t.d. að sveitarfélögin styðji börn og unglinga til íþrótt, tómstunda og æskulýðsstarf með svokölluðum frístundaávísunum til þess að gera börnum kleift að taka þátt. Starfsmönnum sveitarfélagana sem sinna þessu sviði hefur fjölgað, en einnig eru komnir launaðir starfsmenn hjá frjálsu félögunum. Mikilvægt er að skilgreina vel starf allra þessara aðila m.a. með skýrum starfslýsingum og jafnframt þarf að tryggja jákvætt viðhorf t.d. með fræðslu og markvissri stjórnun, m.a. þannig að fjármagn nýtist sem best. Stuðningur við frjálsu félögin hefur aukist t.d. á höfuðborgarsvæðinu, og hefur Sveitarfélag Árborg ekki alveg fylgt þeirri þróun. Með auknum stuðningi við félögin getur sjálfbodaliðastarf nýst betur en nú er.

Stórmerkilegt starf er unnið með íþróttakademíum sem reknar eru í samvinnu við Fsu. í Sveitarfélaginu Árborg, í körfubolta, handbolta og knattspyrnu. Þessar akademíur eru ólíkar, en lagt er til að fá samstarf milli þeirra og samþætta starf. Þá þarf að skoða hvort hægt sé að færa akademíurnar að hluta til niður í 9-10 bekk grunnskóla. Með fyrirhugðum breytingum á framhaldskólalögum opnast möguleiki á að taka upp leiðtogafræðslu innan Fsu þar sem boðið verður upp á þjálfun í félagstörfum og þjálfun og nemendur gætu nýst inn í félögin við félagstörf og aðstoð við þjálfun.

Lagt er til í þessari stefnumótun að áhersla verði á að efla forvarnarstarf og íþróttta og ungmennafélögin setji sér forvarnarstefnu í anda fyrirmyndarfélags ÍSÍ.

Íþróttastarf er mjög öflugt í Sveitarfélaginu Árborg. Umf. Selfoss er þar með afar mikið og gott starf og hlutdeild þeirra í íþróttta, æskulýðs og tólmstundas-
tarfi er mikil. Um 1980 var aðstaða til íþróttaiðkunar mjög góð á Selfossi. Gott íþróttahús, íþróttaleikvangur og sundlaug sem vakti athygli. Nýlega hefur íþróttahús verið byggt við Fjölbautarskóla Suðurlands. Nokkuð skortir á að aðstaða sé eins og best gerist t.d. hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta má skýra m.a. með að tekjur sveitafélagsins voru nokkuð í lægri kantinum en hefur verið að batna á síðustu 3-4 árum með auknum íbúafjölda.

Það skapar nokkurn vanda að langar vegalengdir eru á milli staða í sveitarfélaginu. Vegalegndir verða til þess að börn og unglingar t.d. á Eyrarbakka og Stokkseyri geta síður sótt það starf sem í boði er hverju sinni. Að hluta til er hægt að leysa þennan þátt með akstri milli staða sem hafin er tilraun með. Nærþjónusta er samt sem áður einnig mikilvæg. Gott starf er t.d. hjá Ungmennafélagi Stokkseyrar, en dauft starf í björgunarstarf. Á Eyrarbakka er starf Ungmennafélagsins hins vegar afar dauft og en annað starf t.d. eins og starf Björgunarsveitar afar sterkt svo og starf Kvenfélagsins. Líkur eru á að börn og unglingar verði af mikilvægri þjónustu vegna þessa. Með samstarfi aðila innan staðanna ásamt stuðningi frá aðilum eins og HSK, UMFÍ, UMFS og sveitafélagsins væri hægt að gera bragarbót. Mikilvægt er að viðhalda jákvæðum þorpsbrag í þessum hverfum og virða sérstöðu, en jafnframt hlúa að nærþjónustu.

Skátastarf á undir högg að sækja og er mikilvægt að efla það t.d. með samstarfi t.d. við björgunarsveitirnar foreldra og FSu. Helsta vandamál er virkjun stjórnenda og leiðbeinenda. Tónlistarlíf hefur verið mjög öflugt í Árborg. Bæði kröftugt kórastarf, leiklistarstarfsemi og tónlist. Margar afþekktustu hjómsveitum landsins hafa t.d. komið frá Árborg. Hlúa þarf að menningarstarfi og tengja það sem best félagslífi.

Ef unnið verður eftir þeim tillögum sem fram koma í skýrslunni teljum við að Sveitarfélagið Árborg geti tekið forystu sveitarfélaga í þessum málafokki á landsvísu. Tækifærin eru til staðar, þau þarf að nýta.

Kafla	Bls
/ KJARNINN	i
1 / ALMENNT	1
2 / FRJÁLS FÉLAGSAMTÖK Í ÁRBORG SEM SINNA ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFI	13
3 / MANNVIRKI Í ÁRBORG	25

1.1. Félagsauður

Sérhver maður býr yfir einhverjum kostum sem gerir hann að hluta af þeim mannauði sem samfélagið byggir á og vill nýta. Í samstarfi og samvinnu fólks að tilteknum málefnum verður til afl sem kallað er félagsauður. Skilgreining á félagsauði (Robert Putnam) er að hann sé þau verðmæti sem verða til þegar samfélög eða hópar byggja á trausti, ákveðnum gildum og tengslaneti með gagnkvæma hagsmuni að leiðarljósi. Félagsauður byggir á þátttöku fólks í ýmiss konar formlegum eða óformlegum félagasamtökum eins og íþróttafélögum, kórum, vinahópum, foreldrasamstarfi og stjórn málaflökkum. Félagsauður í þjóðfélögum er metinn eftir því trausti sem íbúar bera til stofnana samfélagsins og hversu virkir þeir eru í samfélaginu. Erfitt er að mæla félagsauð en flest bendir til þess að hann hafi áhrif á velferð, hagsæld og heilbrigði einstaklinga og samfélaga.



Robert Putnam (www.gov.harvard.edu)

Við búum öll yfir þekkingu og kunnáttu. En þar sem við erum hvert öðru ólík er alltaf einhver sem hefur til að bera aðra kunnáttu, aðra þekkingu en við sjálf, styrkleika á öðrum sviðum. Saman vinnum við mun betur en hvert í sínu lagi. Rannsóknir hafa sýnt að mikil og jákvæð tengsl eru á milli félagsauðs og heilsufars þjóða. Því er mikilvægt að umhverfi og aðstæður séu þannig að þær yti undir myndun félagsauðs. Öflugt félagsstarf er því ekki eingöngu mikilvægt sem afþreyingartækifæri heldur mikilvæg uppspretta félagsauðs í hverju samfélagi.

Lítill þátttaka í félagsstarfi almennt dregur úr félagsauði í samfélaginu. Því ætti það að vera keppikefli stjórnvalda, hvort sem er í bæjar- eða sveitarfélögum, að skapa þegnum sínum þau skilyrði að félagsauðnum takist að vaxa og dafna og hvetja þegna sína til þátttöku í félagsstarfi því að það skilar sér fljótlega í öflugara og sterkara bæjarfélagi.

Hvar verður félagsauður til?

Í menntakerfinu, t.d. meðal skólafélaga, í sjálfbodðastarfi af ýmsu tagi, í Lionsklúbbum, í kórum, í ungmennafélögum, í samstarfi fólks með ólíkan bakgrunn, þ.e. alls staðar þar sem fólk vinnur saman og traust myndast.

Hvað græða samfélög á félagsauði?

Félagsauður hjálpar okkur að leysa sameiginleg vandamál á auðveldari hátt, smyr hjólin sem hjálpa samfélögum að vaxa og þroskast mjúklega, eflir traust sem auðveldar öll samskipti og viðskipti, bætir lífsgæði, eykur umburðarlyndi, stuðlar að betri líkamlegri og andlegri líðan o.fl.

Einkenni samfélaga þar sem skortur er á félagsauði:

Skert boðskipti og boðleiðir, hægari úrvinnsla allra mála, samfélagsleg vandamál búa um sig og leysast illa, minna er traust milli borgara og nágretta, almenn vanlíðan.

Einkenni samfélaga með mikinn félagsauði:

Betri almenn heilsa og líðan, meira traust, samkennd og betri samskipti, þorpssamfélag, skjót og skilvirk úrvinnsla mála, samfélagsleg vandamál þrífast síður, öflugt lýðræði, sterkt og skilvirkt lýðræðislegt skipulag.



www.umfs.is

1.2. Hvatning til forystufólks í félagsstörfum

Allir vita hve mikilvægt starf frjálstra félaga er hverju bæjarfélagi. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Oft er það þannig að fólk lítur orðið á starfsemi félagasamtaka sem sjálfsagðan hlut. Æ erfiðara hefur verið að fá fólk til starfa og til forystu hjá félögunum. Ef þróunin verður áfram með þessum hætti endar sjálfboðavinnan á höndum bæjarfélagsins með tilheyrandi kostnaðarauka og miklu mannahaldi. Við þessu þarf að bregðast nú þegar.

Mikilvægt er að bæjarfélagið hvetji forystufólk og félagsmenn til dáða og finni vettvang til að þakka þessu fólk störfum í þágu samfélagsins.

1.3. Efling lýðheilsu í Árborg

Árborg er aðili að verkefninu Allt hefur áhrif í samstarfi með Lýðheilsustöð. Verkefnið er ekki komið langt á veg í bæjarfélaginu. Lagt er til að Árborg setji sér lýðheilsustefnu sem leiði til aukinnar hreyfingar hins almenna borgara

og skapi aðstæður til hollra og uppbyggjandi lífshátta og aukið aðgengi að íþróttamannvirkjum.

Meðal annars gæti eftirfarandi verið hluti af stefnu bæjarins í eflingu lýðheilsu og hvatning til hreyfingar:

- Að gera átak í merkingu göngu- og hjólreiðastíga.
- Að koma upp skiltum með upplýsingum um vegalengdir milli staða í göngu-, hjólreiða- og reiðstígum bæjarins.
- Aðstoð við ungt fólk, sem hefur ekki fundið sig í hefðbundnu íþrótt- og félagsstarfi og fallið út úr því, með fjölbreyttum tilboðum í samstarfi við félagsmiðstöð, íþróttamannvirki og félög í bænum, t.d. með stofnun ýmiss konar klúbba um hreyfingu.
- Að efla markvissa fræðslu, hreyfingu, hollt mataræði og heilbrigt lífni í leik- og grunnskólum bæjarfélagsins.
- Nýting þjálfara, kennara og leiðbeinenda til að koma á framfæri skilaboðum til barna og unglunga um mataræði og heilbrigt lífni. Hægt er t.d. að nýta allt efni og minnismiða sem sendir eru heim á vegum íþróttafélaganna og skólanna til að koma jákvæðum skilaboðum á leiðis. Einnig væri hægt að koma upp skiltum og upplýsingatöflum í íþróttamannvirkjum þar sem slíkum skilaboðum verði komið á framfæri.
- Uppsetning vatnspósta í mannvirkjum og við göngustíga í samstarfi við vatnsveitu.
- Nauðsynlegt er að veita almenningi sem mest aðgengi að íþróttamannvirkjum bæjarins til að efla hreyfingu og skapa jákvæðni meðal almennings gagnvart uppbyggingu íþrótt- og tómstundamannvirkja.
- Tilkoma nýrra íþróttamannvirkja, og skulu þar nefnd ný sundlaug, líkamsræktarstöðvar, fjölnotahús, bætt aðstaða á Stokkseyri og Eyrarbakka, svo að dæmi séu tekin, veitir almenningi í bæjarfélaginu stórauðin tækifæri til bættrar lýðheilsu á næstu árum.

Samstarfsaðilar í lýðheilsuverkefnum gætu verið heilsugæslan, íþróttafélögin, skólar, bæjaryfirvöld og Lýðheilsustöð.



1.4. Samfella skóla, íþróttar og tómstunda

Lagt er til að börn í 1.-3. bekk grunnskólans verði með samfelldan skólalag kl. 08:00 -16:00 þar sem íþróttir, tómstundir og listir verði settar inn í stundatöflur skólanna. Samningar verði gerðir við íþróttar- og tómstundafélög um aðkomu þeirra að þessu verkefni svo að þau geti ráðið til sín velmenntaða og fjölbreyttu þjálfara. Þannig fái öll börn á þessum aldri tækifæri á að kynna öllu því fjölbreyttu íþróttar- og tómstundastarfi sem í boði er í bæjarfélaginu, án tillits til efnahags.

Að fá að kynna svona mörgum þáttum íþróttar og tómstunda hefur lykilþýðingu fyrir einstaklinginn þegar fram í sækir. Hann fær aukið sjálfstraust, betri grunnþjálfun, verður jákvæðari og heilbrigðari og auðveldar barninu að velja sér íþrótt eða tómstundastarf í framtíðinni.

Þetta verði gert í áföngum og byrjað haustið 2010 með 6 ára (1. bekk), haustið 2011 bætist 7 ára (2. bekkur) við og 2012 8 ára (3. bekkur). Ávalt skal vinna þannig að árgangar verði saman. Með þessu er verið að framfylgja stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um þjálfun barna og unglinga.

Skapaðar verði aðstæður svo að nemendur í 4.-6. bekk geti farið strax í íþróttir og tómstundir að loknum skólalag þannig að samfella verði í starfi þeirra. Með þessu fyrirkomulagi skapast fleiri samverustundir fjölskyldunnar og þannig verður til fjölskylduvænt samfélag.

Mikilvægt að grunnskólinn lagi stundatöflur í íþróttum að þessu skipulagi, t.d. með því að hluti íþróttakennslu fari fram utandyra og að nýtt sé sú góða útiðstaða sem er að finna í bæjarfélaginu og stuðlað að aukinni hreyfingu utandyra.

Markmið:

// Að samfelldu skólalag 1.-3. bekkjar verði komið á 2012.

1.5. Sumarnámskeið í Árborg fyrir börn

Stefnt skal að sem fjölbreyttustu starfi fyrir börn yfir sumartímann. Fá skal íþrótt- og tómstundafélög og deildir félaganna til þess að halda námskeið í mismunandi greinum, t.d. fimleikanámskeið, fótboltnámskeið, frjálsíþróttanámskeið, sundnámskeið, útivistarnámskeið o.fl. Haldið verði áfram með leikjanámskeið á sumrin eins og verið hefur. Tryggja þarf fjölbreytni og gæði leikjanámskeiðanna í samstarfi við félögin og að öryggi sé uppfyllt og menntun leiðbeinenda í samræmi við verkefnið. Samfellt námskeiðahald þarf að vera frá skólalokum að vori til skólabyrjunar að hausti. Aðaláhersla verði lögð á aldurinn 5–9 ára og 10–12 ára.

Íþrótt- og tómstundanefnd þarf að tryggja fjölbreytni námskeiða, námskeiðahald allt sumarið, hæfni og menntun leiðbeinenda, gæði starfseminnar og að öryggi þátttakenda sé tryggt.

1.6. Frístundagreiðslur

Eins og menn þekkja hafa sveitarfélög verið að taka upp frístundagreiðslur vegna íþrótt- og tómstunda barna og unglinga. Misjafnt er við hvaða aldur er miðað eða allt frá 6–12 ára, 6–16 ára og 6–18 ára. Einnig er misjafnt milli sveitarfélaga hver upphæðin er í frístundagreiðslunum, allt frá 5.000 krónum upp í 25.000 á ári (2007) og áætlanir eru um hækkunir á næstu árum allt að 40.000 krónur (Reykjavík). Að auki hafa sum sveitarfélög farið þá leið að greiða alfarið niður íþróttabjálfun barna 12 ára og yngri. Fyrirkomulag á greiðslum til foreldra er mismunandi milli sveitarfélaga. Í Reykjavík eru notuð svokölluð frístundakort og greiðslur eru allar rafrænar í gegnum vef Reykjavíkurborgar. Í Garðabæ eru allar greiðslu rafrænar eins og í Reykjavík. Önnur sveitarfélög hafa verið að þróa álíka leiðir sem virka misvel og hafa hver sína kosti og galla. Í Mosfellsbæ og á Akranesi hafa menn farið leið sem styðst við svokallaðar frístundaávisanir. Þessi leið er einföld og lítil stofnkostnaður er við innleiðingu og utanumhald.

Miðað við reynslu annarra leggjum við til að ávísanaformið verði notað í upphafi og þróað út í rafrænt form á næstu árum.





1.6. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er gæðaverkefni (gæðaviðurkenning) sem tekur fyrir þá þætti sem gott og vel rekið félag þarf að hafa til hliðsjónar til að geta starfað sem best. Með því að taka upp gæðaviðurkenningu fyrir íþróttastarf geta félögin/deildir látið gera úttekt á starfseminni eða hluta hennar miðað við þær gæðakröfur sem íþróttahreyfingin gerir. Standist félögin þessar kröfur fá þau viðurkenningu frá ÍSÍ og geta kallað sig fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

Gefa þarf félögunum aðlögunartíma í t.d. þrjú ár og um leið og félag/deild verður fyrirmyndarfélag er því veittur aukastyrkur sem það halda meðan það uppfyllir skilyrði sem fyrirmyndarfélag.

1.7. Styrkir til félaga

Mikilvægt er, þegar veittir eru styrkir til íþrótt- og tómskundafélaga, að þeir séu miðaðir við ákveðin verkefni á ákveðnum tíma og sé úthlutað að lágmarki til tveggja til þriggja ára í senn. Þetta auðveldar bæði félögum og sveitarfélaginu allar áætlanagerðir og hjálpar til við að uppfylla skipulag og markmið beggja.

Við leggjum til að samningar verði gerðir við íþrótt- og tómskundafélögin um eftirfarandi:

- um barna- og unglíngastarf og aðkomu félagana að heilsdagsskóla
- um afreks- og styrktarsjóð þar sem það á við
- um rekstur mannvirkja þar sem það á við

Til að efla samstarf milli félaga og bæjaryfirvalda og tryggja öflugt íþrótt- og tómskundastarf fyrir börn og unglínga er mikilvægt að eftirfarandi sé haft til hliðsjónar við gerð samninga um barna- og unglíngastarf:

- Að félögin einsetji sér að allar deildir félaganna séu fyrirmyndarfélög/deildir ÍSÍ á samningstímanum.
- Að skipulag félags/deilda sé skýrt félagslega, íþróttalega svo og fjármálaleg markmið.

- Að starfað sé samkvæmt stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um barna- og unglingsíþróttir.
- Að ungmenni á aldrinum 16–25 ára eigi fulltrúa í stjórn félagsins og stjórnnum deilda.
- Að þjálfarar hafi menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ.
- Að félagið/deildir sinni til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar.
- Að verkswið foreldraráða sé skilgreint og áætlun um félagsstarf liggja fyrir.
- Að félagið/deildir hafi mótaða stefnu í fræðslu- og forvarnarmálum.

Mikilvægt er að öll samskipti milli félaganna og bæjaryfirvalda fari fram í gegnum aðalstjórn hvers félags.

Félögin skuldbinda sig til þess að vera með kynningu á starfseminni fyrir bæjarbúa að lágmarki einu sinni á samningstímanum.

Í flestum stærri sveitarfélögum eru afreks- og styrktarsjóðir til staðar sem mismunandi íþróttafélög geta sótt um styrki í fyrir afreksfólk sitt til æfinga og keppni með landsliðum.

Lagt er til að stofnaður verði afreks- og styrktarsjóður í samstarfi við hvert íþróttafélag sem deilir út styrkjum til afreksmanna sinna. Til hliðsjónar eru hér eftirfarandi punktar varðandi það hvað svona styrktarsjóður ætti að styrkja:

- Að veita afreksfólki í deildum innan félagsins styrk vegna æfinga og keppni og búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
- Að veita styrk til þess íþróttafólks sem valið er til æfinga eða keppni með landsliði innan sérsambanda ÍSÍ.
- Að veita þjálfurum og leiðbeinendum, sem starfa á vegum félaga, styrk til að sækja viðurkennd námskeið eða menntun sem eflir þá í starfi.

Þegar gerðir eru samningar um rekstur einstakra íþróttamannvirkja, eins og t.d. knattspyrnuvalla, reiðvalla og æfingavalla, er mikilvægt að verkefnin og hlutverk félagsins og eftirlitsaðila séu vel skilgreind í samningnum.

1.8. Félagsmiðstöð:

Staðan:

Félagsmiðstöðin Zelsíus hefur aðsetur í gamla safnahúsinu. Í félagsmiðstöðinni er eitt stöðugildi forstöðumanns, tvö og hálf stöðugildi leiðbeinanda og hálf stöðugildi vegna ræstinga. Haldið er uppi nokkuð öfluggu og fjölbreyttu starfi í félagsmiðstöðinni sem er vel sótt eftir því hvaða starfsemi er í boði hverju sinni. Á skólatíma (kl.13:00–16:30) sækja á milli 40 og 50 ungmenni miðstöðina en á kvöldin (kl. 20:00–22:00) 60–70 ungmenni. Á sumrin sér miðstöðin um götuleikhúsið og útgáfu sumarþæklings.



Auka má starfsemi félagsmiðstöðvarinnar með fjölbreytni í klúbbastarfi og samstarfi við grunnskólana og félög eins og skátafélagið, björgunarsveitina, ungmennafélagið, æskulýðsstarf kirkjunnar, leikfélagið og stofnanir og félög í bænum. Nauðsynlegt er að félagsmiðstöðin hafi frumkvæði að þessu samstarfi.

Starfsemi félagsmiðstöðva á að vera fjölbreytt og á ekki eingöngu að vera inna veggja félagsmiðstöðvarinnar heldur í samstarfi með félögum, áhugahópum, klúbbum og stofnunum.

Dæmi um samstarfsmöguleika:

- Samstarf við grunnskólana um uppbyggingu og skipulagningu á félagsstarfi í skólunum.
- Samstarf við skátafélagið um sumarstarf og útilífsnámskeið.
- Samstarf við björgunarsveitirnar um útivistarklúbba.
- Samstarf við æskulýðsstarf kirkjunnar um lífsleikni.
- Samstarf við íþrótt- og sundmiðstöðvar um aðstöðu, t.d. fyrir sundlaugardiskó, köfunarnámskeið, sportflipp (þar sem í boði er fjölbreytt íþróttastarf á föstudags- eða laugardagskvöldum nokkrum sinnum á vetri í íþróttamannvirkjum bæjarins) o.fl.

- Samstarf við skólavistun um að bjóða upp á fjölbreytta starfsemi fyrir börn í skólavistun.

Verkefni sem félagsmiðstöðin gæti komið að og haft umsjón með:

Vinnuskólinn: Stefnt skal að því að félagsmiðstöðin hafi yfirumsjón með vinnuskólanum í samstarfi við umhverfis-og tæknisvið bæjarins.

Ástæða: Mikil þekking og reynsla á starfi með unglingum og tengsl við íþrótt- og æskulýðsfélög sem æ oftast nýta sér starfskrafta vinnuskólans. Auknar kröfur eru gerðar um fræðslu og uppbyggjandi starf í vinnuskólum. Þar af leiðandi eru gerðar meiri kröfur til menntunar leiðbeinenda og þar nýtast starfskraftar félagsmiðstöðvarinnar. Í vinnuskólanum verði ungmennum kynnt réttindi, skyldur og kröfur sem gerðar verða til þeirra á almennum vinnumarkaði.

Nauðsynlegt að starfsemi og starfsmannafjöldi verði í samræmi við þau verkefni og nýjungar sem félagsmiðstöðin tekur að sér og fæst við.

Markmið:

// Að starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar verði undirbúnir og þjálfaðir sumarið 2008 til að taka þátt í nýjum verkefnum og hafa umsjón með vinnuskólanum sumarið 2009.

1.9. Ungmennahús

Ekkert ungmennahús er í Árborg og æskilegt er að koma upp slíku húsi fyrir aldurinn 16–25 ára. Viðaðu um land hafa sveitarfélög verið að koma upp ungmennahúsum í samstarfi við ýmsa aðila og staðsetning þeirra oft í tengslum við starfsemi sem fyrir er.

Komið verði upp ungmennahúsi í Árborg í samstarfi við félagasamtök, fjölbrautaskólann, fyrirtæki og stofnanir.

Starfsemi í slíku húsi þarf að vera áhugaverð og uppbyggileg og höfðá til áhugasviðs ungmenna. Þangað þarf ungt fólk að geta komið og sinnt áhugamálum

sínum og fengið aðstoð og leiðbeiningar. Forsenda þess að slík starfsemi takist vel er að starfið sé ávallt lifandi og skapandi. Mikilvægt er að ungt fólk fái að koma að mótun og stefnu hússins. Leggja skal áherslu á klúbbstarfsemi eins og jaðaríþróttaklúbba, menningarklúbba, listaklúbba og tónlistaklúbba o.fl.

Markmið:

// Að farið verði í undirbúning og samstarf að stofnun að ungmennahúsi vorið 2008.

1.10. Félagsstarf eldri borgara

Staðan:

Samningur er í gildi við Félag eldri borgara á Selfossi um félagsstarf fyrir aldraða á Selfossi. Félagið fær 1.2 milljónir á ári auk niðurfellingar á húsaleigu sem metin er á 1.8 milljónir á ári. Félagsstarfið fer að mestu fram að Grænumörk 5 en auk þess er einn tími í sundlaug og einn tími í íþróttahúsi á viku.

Aðkallandi er að stækka þá aðstöðu sem félagið hefur til félagsstarfsins og hefur verið litið til húsnæðis í tengibyggingu að Austurvegi 51–59.

Á næstu árum mun eldri borgurum í sveitarfélaginu fjölga jafnt og þétt. Jafnhliða því fjölgar þeim eldri borgurum sem eru líkamlega og andlega hressir langt fram eftir ævinni. Þessi kynslóð er einnig fyrsta kynslóð eldri borgara sem hefur alist upp við og tekið þátt í skipulögðu íþrótt- og félagstarfi. Eftirspurn þessa hóps eftir aðstöðu mun stórukast. Í uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu þarf að gera ráð fyrir að þessi hópur hafi aðstöðu og rými til að uppfylla þarfir til frístundaíðkunar.

Markmið:

// Að félagsstarfi eldri borgara verði fundin ný aðstaða fyrir 2009.

// Að gerður verði nýr samningur við Félag eldri borgara um umsjón með félagsstarfinu og frekari afnot af íþróttamannvirkjum í bæjarfélaginu 2009.

1.11. Starfsmenn íþróttá- og tómstundamannvirkja Árborgar

Vegna mikilvægis íþróttamannvirkja í bæjarfélaginu gegnir starfsfólk þeirra lykilhlutverki varðandi þjónustu við skóla, íbúa og ferðamenn. Þessir starfsmenn eru andlit bæjarfélagsins út á við og því er mikilvægt að efla og styrkja þá í starfi.

Lagt er til að gerð verði áætlun um að styrkja starfsmenn í starfi og haldin til þess námskeið, t.d. öryggisnámskeið, þjónustunámskeið, eineltisnámskeið, tölunámskeið, skyndihjálparnámskeið, sjálfsstyrkingarnámskeið, tungumálanámskeið og önnur þau námskeið sem efla starfsmenn persónulega.

Einnig er mikilvægt að koma á samstarfsvettvangi starfsmanna íþróttamannvirkja þar sem liðsandi er eflur og allir starfsmenn, hvar sem þeir eru staðsettir, finni sig sem hluta af liðsheild. Við undirbúning að gerð fjárhagsáætlana ár hvert er mikilvægt að starfsmenn komi saman og fái tækifæri til að koma með hugmyndir að bættri þjónustu, minni háttar viðhaldi og því hvað betur mætti fara. Hópefli, vettvangsferðir og aðrar sameiginlegar uppákomur starfsmanna ættu að vera reglulega á dagskránni.

Gera þarf átak í að starfsfólk íþróttamannvirkja beri starfsmannklæðnað sem merktur er bæjarfélaginu og beri nafnspjöld. Starfsmannklæðnaður getur verið mismunandi eftir stofnunum.

1.12. Samanburður milli sveitarfélaga


Í æ ríkara mæli gerir fólk samanburð á þjónustu í íþróttá- og æskulýðsmálum og aðstöðu til íþróttaiðkana þegar það velur sér búsetu fyrir sig og fjölskyldu sína. Einnig gerir fólk vaxandi kröfur um menntun þjálfara og leiðbeinenda og gæði starfsins.

Misjafnt er milli sveitarfélaga hve mikið lagt er til íþróttá- og æskulýðsmála, allt frá 6% upp í 12% af skatttekjum bæjarfélaganna. Skoðaðir voru ársreikningar Árborgar og tveggja samanburðarsveitarfélaga, Mosfellsbæjar og Garðabæjar,




og borið saman skatttekjur á íbúa og fjármagn til íþrótt- og æskulýðsmál á íbúa árið 2006. Tekjur pr. íbúa í Árborg í dag eru orðnar sambærilegar og í samanburðarsveitarfélögunum en útgjöld til íþrótt- og æskulýðsmála hefur verið nokkuð lægri. Við samanburð á útgjöldum sveitarfélaganna verður að taka tillit til þess að meðaltekjur á Árborgarsvæðinu voru til langs tíma mun lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Með stækkun sveitarfélagsins og samsetningu íbúa hefur orðið breyting á til batnaðar síðustu ár. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa talsvert hagræði af nálægt hvers annars. Þessu er ekki fyrir að fara í Árborg og landfræðilega dreift sveitarfélag verður ávalt dýrara í rekstri.

Á mynd 1 er borið saman hlutfall æskulýðs- og íþróttamála af skatttekjum á árunum 2002–2006. Á mynd 2 er borið saman hlutfall menningarmála af skatttekjum bæjarfélagana á árunum 2002–2006.



Mynd 1 – Hlutfall æskulýðs- og íþróttamála af skatttekjum.



Mynd 2 – Hlutfall menningarmála af skatttekjum.

2 / FRJÁLS FÉLAGSAMTÖK Í ÁRBORG SEM SINNA ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFI

2.1. UMF Stokkseyri

Staðan:

Félagið á ekki eigin félags- eða fundaraðstöðu. Um 50 ungmenni undir 18 ára æfa hjá félaginu. Samningur er til við sveitarfélagið um rekstur íþróttahúss, knattspyrnuvallar og hjólabrettavallar.

Markmið:

- // Að gera samning við félagið um barna- og unglिंगastarf félagsins 2008 og aðkomu félagsins að heildstæðu skólastarfi.
- // Að gera samning við félagið um rekstur íþróttamannvirkja á Stokkseyri.
- // Að stuðla að auknu samstarfi ungmennafélagsins við ungmennafélagið á Eyrarbakka og UMF Selfoss vorið 2008.
- // Að gerður verði samningur um afreks- og styrktarsjóð UMF Stokkseyrar í janúar 2009.

2.2. UMF Eyrarbakka

Staðan:

Félagið er ekki virkt í dag. Endurreisa þarf félagið og finna leiðir til að hjálpa því af stað og treysta rekstrargrundvöllinn. Þarna þarf sveitarfélagið að koma að málum í samstarfi við HSK og UMFÍ.

Markmið:

- // Að blásið verði lífi í félagið með markvissum aðgerðum í samstarfi við HSK og UMFÍ árið 2008.
- // Að gera samning við félagið um barna- og unglिंगastarf félagsins 2008 og aðkomu félagsins að heildstæðu skólastarfi.
- // Að stuðla að auknu samstarfi ungmennafélagsins við ungmennafélagið á Stokkseyri og UMF Selfoss vorið 2008.
- // Að gerður verði samningur um afreks- og styrktarsjóð UMF Eyrarbakka í janúar 2009.



2.3. UMF Selfoss

Staðan:

Félagið á fundar- og félagsaðstöðu í Selinu. Hjá félaginu æfa um 1500 iðkendur undir 18 ára. Styrkur frá bæjarfélagi er 21.5 milljónir ásamt afnotum af íþróttamannvirkjum bæjarfélagsins. Samningur er við bæjarfélagið um að félagið sjái um rekstur vallarsvæðis. Hluti af styrk er ætlaður í völl og hluti í rekstur. Tveir starfsmenn vinna hjá félaginu allt árið auk viðbótarstarfsmanna yfir sumartímann. Félagið er fjölgreinafélag með átta deildir:



Sunddeild, körfuboltadeild, knattspyrnadeild, tækvondodeild, júðódeild, handboltadeild, frjálsíþróttadeild og fimleikadeild.

Stefnumið:

- Stefnt skal að samvinnu ungmennafélagsins og skólanna um samþættingu skóla- og íþróttastarfs.
- Stefnt skal að því að bæta félags-, búnings- og þvottaaðstöðu ungmennafélagsins.
- Stefnt skal að gerð nýrra samstarfssamninga við félagið í samræmi við mikla fjölgun iðkenda og aukin verkefni félagsins.
- Stefnt skal að árlegri sameiginlegri kynningu á íþrótt- og félagsstarfi í samstarfi við önnur félög í Árborg og íþrótt- og tómstundanevnd.
- Stefnt skal að því að gerðir verði samningar við félagið um afreks- og styrktarsjóð.
- Stefnt skal að því að félagið og deildir þess verði fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Markmið:

- // Að gera samning við félagið um barna- og unglíngastarf félagsins 2008 og aðkomu félagsins að heilstæðu skólastarfi.
- // Að gerður verði samningur um afreks- og styrktarsjóð UMF Selfoss í janúar 2009.
- // Að allar deildir félagsins verði fyrirmyndarfélag ÍSÍ á næstu þremur árum.
- // Að gerður verði nýr samstarfssamningur við félagið 2008.

2.4. Golfklúbbur Selfoss

Staðan:

Völlur félagsins, Svarfhólsvöllur, er 9 holu völlur frá 1986. Á vellinum er góður golfskáli, með veitinga- og félagsaðstöðu. Í klúbbnum er 301 félagsmaður, þar af 30 undir 18 ára. Einn barna- og unglingsþjálfari starfar sem jafnframt sér um námskeið fyrir börn og unglinga. Barna og unglingsnefnd er starfandi. Boðið er upp á golf fyrir eldri borgara. Sveitarfélagið styrkir klúbbinn með fjárframlögum að undangengnum skriflegum samningum.

Stefnumið:

- Að styðja starfsemi golfklúbbsins til áframhaldandi uppbyggingar golfíþróttarinnar í bæjarfélaginu með sérstakri áherslu á unglinga og aldraða.
- Stefnt skal að uppbyggingu nýs golfvallar og golfskála í samstarfi við golfklúbbinn.

Markmið:

- // Að gera samning við félagið um uppbyggingu nýs golfvallar og golfskála 2008.
- // Að gera samning um endurnýjun og viðhald núverandi vallar og tækjabúnaðar 2008
- // Að gera samning við félagið um barna- og unglingsstarf félagsins 2008 og aðkomu félagsins að heilstæðu skólastarfi.
- // Að gera samning um aðkomu klúbbsins að starfi eldri borgara í bæjarfélaginu.
- // Að gera samning um afreks- og styrktarsjóð golfklúbbsins í janúar 2009.



www.golf.is/gos

2.5. Íþróttafélagið Suðri

Staðan:

Félagið hefur fengið styrk frá sveitarfélaginu Árborg en ekki eru til skriflegir samningar þar um. Félagið á ekki eigið húsnæði en hefur aðgang að fundar-

og félagsaðstöðu hjá UMF Selfoss og HSK sem er góð lausn. Um 30 manns æfa hjá félaginu, þar af 2 undir 18 ára aldri. Mikilvægt er að yngri fatlaðir einstaklingar fái tækifæri til þátttöku. Vandamál er varðandi akstur á æfingar og í tómstundastarf.

Stefnumið:

- Að aðstaða og umhverfi auðveldi fötluðum þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi.
- Að auðvelda fötluðum að komast á æfingar og í keppnisferðir.
- Að félagið fái úthlutað tímum í íþróttahúsum bæjarins.
- Að koma á meira samstarfi á milli félagsins, skólanna og félagsmiðstöðvarinnar.
- Að veita félaginu stuðning við að ná til fleiri yngri fatlaðra á svæðinu.

Markmið:

- // Að gera samkomulag við félagið um tíma í íþróttahúsum, sundlaugum og íþróttavöllum. Gerður verður samningur við félagið um afnot árið 2008.
- // Að gera samkomulag við félagið um átak í að ná til ungra fatlaðra á svæðinu í samstarfi við leik- og grunnskóla bæjarins 2008.
- // Að gera samning um barna- og unglingastarf félagsins 2008.
- // Að gera samning við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra vegna ferða fatlaðra á æfingar og í tómstundastarf 2008.

2.6. Skátafélagið Fossbúar

Staðan:

Skátafélagið hefur aðstöðu í tveimur lausum kennslustofum (2 x 60 m²) sem sveitarfélagið úthlutar fyrir starfsemina. Félagar eru um 100 undir 18 ára og flestir á aldrinum 9–14 ára. Tíu aðilar á aldrinum 15–18 ára eru tiltækir sem foringjar. Félagið fær styrk frá sveitarfélagi en ekki eru neinir samningar til um það. Félagið kemur að ýmsum verkefnum á tyllidögum í bæjarfélaginu. Möguleiki væri á að félagið sæi um og ræki tjaldsvæði bæjarins og yrði það hluti af starfsemi félagsins.

Stefnumið:

- Að hlúa að skátastarfinu með því að bæta aðstöðu og rekstrargrundvöll.
- Að tengja skátastarfið við starfsemi skóla og félagsmiðstöðvar.
- Að komið verði upp úti aðstöðu fyrir félagið í tengslum við tjaldstæði
- Að innra starf skáta verði ávallt sem öflugast.

Markmið:

- // Að gerður verður samningur við félagið um uppbyggingu skátaheimilis og utanhússaðstöðu og rekstur tjaldsvæðis 2010.
- // Að gera samning við félagið um barna- og unglíngastarf félagsins 2008 og aðkomu félagsins að heildstæðu skólastarfi.



www.arborg.is

2.7. Hestamannafélagið Sleipnir

Staðan:

Félagið á og rekur eigin félagsaðstöðu og reiðvöll. Í félaginu eru um 400 meðlimir. Félagið fær rekstrarstyrk frá sveitarfélaginu og styrk til að halda reiðnámskeið.

Stefnumið:

- Samstarf við félagið verði um uppbyggingu reiðmannvirkja, barna- og unglíngastarf og aðkomu félagsins að samfeldu skólastarfi með möguleika á hestamennsku sem valgrein í grunnskólum.

Markmið:

- // Að gera nýjan samning við félagið um uppbyggingu reiðhalla, uppbyggingu nýrra reiðstíga og viðhaldi reiðvega og reiðvallar árið 2009.
- // Að gera samning við félagið um barna- og unglíngastarf félagsins 2008 og aðkomu félagsins að heildstæðu skólastarfi.
- // Að gerður verði samningur um afreks- og styrktarsjóð Sleipnis í janúar 2009.



www.sleipnismenn.is

2.8. Björgunarsveitin Björg

Staðan:

Félagið á eigið húsnæði þar sem eru áhaldahús, félags- og fundaraðstaða. Í félaginu eru 32 meðlimir og þar af 12 undir 18 ára. Félagið fær árlega smástyrk frá bæjarfélaginu. Félagið vinnur að ákveðnum verkefnum á tyllidögum í samfélaginu.

Stefnumið:

- Að aðstoða félagið við að halda úti öflugri björgunarsveit með ýmiss konar stuðningi.
- Að styðja við félagið við uppbyggingu ungmennastarfs og þátttöku þess í samfélagsverkefnum.

Markmið:

- // Að gera samning við félagið um markvissa uppbyggingu á barna- og unglíngastarfi á Stokkseyri og Eyrarbakka vorið 2008.
- // Að gera samning við félagið um þátttöku í ýmsum samfélagsverkefnum vorið 2008.



<http://bjorgunarfelag.arborg.is/>

2.9. Björgunarfélag Árborgar

Staðan:

Félagið á björgunarsveitarhús með félags- og fundaraðstöðu en er að byggja nýtt hús. Félagar eru milli 500 og 600 en virkir 20–50. Í unglíngahóp eru á bilinu 30–50. Félagið fær ekki beinan fjárstuðning frá sveitarfélaginu.

Stefnumið:

- Að aðstoða félagið við að halda úti öflugri björgunarsveit með ýmiss konar stuðningi.
- Að styðja við félagið við uppbyggingu ungmennastarfs og þátttöku þess í samfélagsverkefnum

Markmið:

- // Að gera samning við félagið um markvissa uppbyggingu á unglingsstarfi í félaginu vorið 2008.
- // Að gera samning við félagið um þátttöku í ýmsum samfélagsverkefnum vorið 2008.

2.10. Æskulýðsstarf kirkjunnar

Staðan:

Starfið fer fram í kirkjunni. Milli 80 og 90 börn mæta í sunnudagaskóla og 20 börn eru í æskulýðsstarfi. Er í samstarfi við félagsmiðstöð og skólavistun um kirkjuskóla í Félagsmiðstöðinni. Um 70 börn og ungmenni eru í kórastarfi. Tveir starfsmenn sjá um starfið. Prestar kirkjunnar koma að lífsleiknikennslu í skólum. Starfið er ekki styrkt af sveitarfélaginu.

Stefnumið:

- Að æskulýðsstarf kirkjunnar verði sem öflugast og nýtist sem flestum börnum og ungmennum. Sérstaklega sé hugað að börnum sem fóta sig ekki í öðru félagsstarfi.

Markmið:

- // Samkomulag verði gert við kirkjuna um aðkomu hennar að samfelldu skóla-, íþróttá- og æskulýðsstarfi 2008.
- // Samstarf við æskulýðsstarf kirkjunnar um enn frekari lífsleiknikennslu fyrir ungt fólk í sveitarfélaginu 2008.

2.11. Akademiur í Árborg.

Þrjár íþróttakademiur eru starfræktar í samvinnu við Fjölbrotaskóla Suðurlands, FSu. Körfuboltaakademían hófst veturinn 2005–2006 en Handboltaakademían og Knattspyrnuakademían fóru af stað veturinn 2006–2007. Hér er um að ræða tilraunaverkefni sem hefur tekist afburðavel. Sérstaklega í skipulaginu er að tímar í akademíunum eru inni í stundatöflu skólans. Þetta hefur tekist mjög vel. FSu þjónar Suðurlandi öllu en ekki aðeins íbúum Árborgar. Samstarf við félögin



selfoss.kirkju.net

Í Árborg er hins vegar mikilvægt og gerir kröfur um víðsýni, aðstoð, virðingu og umburðarlyndi aðila. Mikilvægt er að viðhalda góðu samstarfi Árborgar við framsýna skólastjórnendur FSu til framdráttar íþrótta- og æskulýðsstarfi í Árborg.

2.11.1. Körfuboltaakademían

Körfuboltaakademían er rekin í samvinnu FSu og Árborgar við Sideline Sports sem er alþjóðlegt fyrirtæki með hugbúnað fyrir íþróttapjálfun. Hugbúnaðurinn, sem er einstakur, er m.a. skilgreindur sem opinber þjálfunarhugbúnaður Alþjóðlega körfuboltasambandsins FIBA. Frumkvöðullinn í akademíunni er einnig frumkvöðullinn í Sideliners. Akademían sendir lið undir nafni FSu í Íslandsmót í 1. deildinni í körfubolta, en einnig í samvinnu við Umf. Selfoss í yngri flokkum. Árangur liðsins í 1. deild sýnir afar góða íþróttalega faglega uppbyggingu og á liðið góða möguleika að komast í úrvalsdeildina á næsta ári. Yngri flokkar voru að byrja í Íslandsmóti í vetur og eru því á byrjunarstigi. Faglega er einstaklega vel að verki staðið hvað varðar íþróttapáttinn. Hugbúnaðurinn, sem notaður er til að halda utan um, hefur sannað gildi sitt og felast mikil tækifæri til að nýta hann fyrir aðrar íþróttagreinar. Ákveðinn núningur hefur verið við aðrar íþróttagreinar með tilkomu knattspyrnuakademíunnar. Þannig voru yngri flokkar sendir í Íslandsmót undir nafni FSu, sem orkar tvímælis. Lausn á þessu gæti verið að í Íslandsmót sé sent sameiginlegt lið FSu og Umf. Selfoss, FSu Selfoss. Leikmenn geta þá verið annars vegar í FSu og hins vegar í Umf. Selfoss. Þá er mikilvægt að félagslegt bakland byggist upp í körfuboltanum í Umf. Selfoss. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef horft er til lengri tíma. Iðkendur í meistaraflokki eru allir nemendur eða kennarar hjá FSu. Nemendur koma víða að af landinu og fæstir úr Árborg. Tilraunaverkefni körfuboltaakademíunnar er stórmerkilegt framlag til íþróttanna.



2.11.2. Knattspyrnuakademían

Knattspyrnuakademían er rekin í samstarfi FSu, Árborgar og Knattspyrnuakademíunnar á Suðurlandi, sem er hliðarfyrirtæki Knattspyrnuakademíu Íslands. Nemendur eru flestir úr Árborg, en einnig nokkrir

úr öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi. Nemendur keppa ekki í Íslandsmóti undir nafni FSu, en samstarf hefur verið meðal félaga á Suðurlandi um sameiginlegan 2. flokk sem keppir í Íslandsmóti. Flestir nemenda eru í þessum hópi. Tveir af kennurum knattspyrnuakademíunnar hafa einnig verið þjálfarar hjá Umf. Selfoss og þannig verið bein tenging inn í félögin í Árborg. Knattspyrnuakademían hefur lagt áherslu á kennslu fyrir bæði kynin og hefur kennari fyrir stúlkurnar komið að. Ljóst er að tilkoma knattspyrnuakademíunnar hefur haft mjög góð áhrif á knattspyrnu á svæðinu, 2. flokkur karla komst upp úr C-riðli s.l. sumar og nemendur úr knattspyrnuakademíunni hafa verið í yngri landsliðum í knattspyrnu.

2.11.3. Handknattleiksakademían

Handknattleiksakademían er rekin í samstarfi FSu, Árborgar og handknattleiksdeildar Umf. Selfoss. 34 nemendur eru í akademíunni, allt strákar. Áhugi var á að bjóða stúlkum einnig þátttöku í vetur. Herslumun vantaði á fjölda, en reiknað er með að boðið verði upp á slíkan valkost næsta vetur. Allir nemendur akademíunnar spila með Umf. Selfoss. Flestir koma úr Árborg, en nokkrir úr nágrannasveitarfélögum og síðan aðrir lengra að. Kennarar akademíunnar er þjálfarar hjá Umf. Selfoss. Í vetur var nemendum boðið upp á mötuneyti með sérféði, þrisvar í viku. Hefur það fyrirkomulag tekist mjög vel. Mikil áhersla er lögð á bindindi á áfengi og tóbak. Meðal nemenda eru leikmenn í fremstu röð landsliðsmanna yngri landsliða í handknattleik. Þá eru annar og þriðji aldursflokkur hjá Umf. Selfoss þeir fjölmennustu hjá handknattleiksfélögum á Íslandi. Meðvituð stefna er í akademíunni, um að hún sé ekki aðeins fyrir þá albestu heldur einnig til þess að skapa breidd. Með þessu starfi er Umf. Selfoss leiðandi á sviði fræðslu og þjálfunar fyrir þennan aldursflokk í handknattleik á Íslandi. Hugmyndir eru um að hefja samstarf við Vallarskóla um akademíustarf fyrir 10. bekk, þar sem þeim aldursflokki er einnig veitt aðkoma. Á þessum tveimur árum hefur verið mjög áþreifanlegur árangur af starfi handboltaakademíunnar.

Nú þegar hefur verið óskað eftir að koma á fót akademíu í fimleikum og fer hún á stað veturinn 2008–2009. Fimleikadeild Umf. Selfoss er mjög öflug og er aðstaða til fimleikaiðkunar að batna til muna.

Samstarf FSu við akademíurnar hefur tekist einstaklega vel. Fyrir liggur að breytingar verði á framhaldsskólalögum sem býður upp á enn frekari tækifæri á þessu sviði. Mikil félagsmálþekking og -reynsla á Suðurlandi býður upp á tækifæri á greinar eða svið í FSu um leiðtogafræðslu. Þar koma til greinar eins og ræðumennska og framkoma, fundarstjórn, fundarritun, uppbygging hópa og félaga, virkjun, starf í stjórn félags og nefnda, nýsköpun og leiðtogastjórnun. Slíkt nám gæti gagnast t.d. starfi í frjálsum félögum en einnig atvinnulífi. Hluti af þessu námi gæti verið verkleg þátttaka í félagsstarfi. Þá gæti verið boðið upp á nám í þjálfun einstakra íþróttagreina, útivist og lýðheilsu.

Mikilvægt er að tengja íþróttakademíurnar saman, þannig að þekking fagfólks nýtist á milli greina. Þegar er áhugi á að nýta hugbúnað Sideliners Sport fyrir allar akademíurnar. Þá getur verið samstarf um einstaka þætti, eins og styrktarþjálfun, og sérstök námskeið t.d. um næringarfræði, persónuuppbyggingu o.fl. Þegar því verður við komið geta sérfræðingar eða þjálfarar félaga í Árborg nýst á þessum sviðum.

Stefnumið:

- Sveitarfélagið Árborg stefnir að því að halda áfram að styðja við öflugt starf íþróttakademíanna við FSu og stuðla að því að það fagstarf skili sér sem best fyrir íþrótt- og æskulýðstarf á svæðinu.

Markmið:

// Að gera samning við akademíurnar á vormánuðum 2008 um samstarf og áframhaldandi starf í sveitarfélaginu.

2.12. Knattspyrnufélag Árborgar

Staðan:

Félagið var stofnað til þess að skapa fleiri verkefni fyrir knattspyrnumenn. Félagar eru um 60 og iðkendur um 40. Félagið er með meistaraflokk í 2 deild Íslandsmótsins. Samningur er við Sveitarfélagið Árborg um viðhald og umhirðu á knattspyrnuvelli á Eyrarbakka, sem aðallega er notaður til knattspyrnuíðkunar fyrir lið utan deilda og breiddaríþróttir. Knattspyrnufélag Árborgar stendur að árlegri hátíð Sumar á Selfossi, þar sem bæjarbúum er m.a. boðið í morgunverð á vegum fyrirtækja í bæjarfélaginu og boðið er upp á fjölbreytta afþreyingu. Félagið hefur félagsaðstöðu í Selinu. Fyrir liggur vilji til aukins samstafs við Umf. Selfoss.

Markmið:

// Að gerður verði nýr samstarfssamningur við félagið 2008 m.a. um áframhaldandi rekstur og umhirðu á knattspyrnuvelli á Eyrarbakka árlega 2008-2015.



<http://www.portal.is/arborgfc/>

3 / MANNVIRKI Í ÁRBORG

3.1. Sundhöll Selfoss:

Staðan:

Sundhöllin var byggð 1960. Þar er innilaug 8m x 16,6m, tveir heitir pottar, annar þeirra með nuddtæki, og lítil afslöppunarlaug. Byggt var upp vatnaleiksvæði (1998) fyrir börn, með tveimur rennibrautum, lítilli og stórri, stórri barnabuslaug, sveppi og notalegu umhverfi ásamt eimbaði og útilaug 25m x 12,5m. Við sundlaugina starfa fjórtán manns.

Ljóst er að endurbyggja þarf sundlaugarsvæðið frá grunni að frátöldu vatnaleiksvæðinu (1998) sem þarf að laga að nýrri uppbyggingu. Þannig getur sundlaugarsvæðið haldið áfram að vera miðpunktur þjónustu við skóla, bæjarbúa og ferðamenn í Árborg.

Markmið:

// Lagt er til að byrjað verði á framkvæmdum á árinu 2008 og þeim lokið á næstu þrem til fimm árum. (Sjá drög að forsjögn fyrir Sundhöll Selfoss sem fylgiskjal.)

3.2. Sundlaugin Stokkseyri:

Staðan:

Sundlaugin er útilaug 16.75m x 8.5m með vaðlaug 3m x 4m, heitum potti (14 manns), nuddpotti (8 manns) og lítilli rennibraut.

Stöðugildi við sundlaugina eru þrjú.

Endurnýja þarf tækjabúnað sundlaugarinnar og aðstöðu í kringum hana ásamt smáupplyftingu á útisvæði með lituðum gúmímottum. Auka þarf sýnileika laugarinnar utan frá með girðingu úr plexigleri í stað lokaðrar girðingar.

Með smávægilegum breytingum og viðbyggingu má ná betri nýtingu á lauginni fyrir bæjarbúa og ferðamenn. Möguleiki er á fjölskyldumótum þar sem hægt er að koma saman einn dag og hafa afnot af sundlaug, íþróttavelli með búnaði til

fjölskylduleikja, grillaðstöðu með borðum og stólum. Einnig væri hægt að tengja söfnin og veitingastaði bæjarins við verkefnið.

Markmið:

// Byggt verði við sundlaugarhúsið (50 m²), fyrir tæki og búnað (10 m²) og fyrir lítinn líkamsræktarsal (40 m²) með lágmarksbúnaði til líkamsræktar, t.d. hlaupabretti, skíðavél, stígvél og fjölnotaæfingastöð, fyrir árið 2009.

// Útbúinn verði pottur fyrir sjóböð fyrir 2010.

3.3. Sundlaug við Sunnulækjarskóla

Staðan:

Fyrirhuguð sundlaug verður tengd við nýtt íþróttahús Sunnulækjarskóla.

Markmið:

// Sjá meðfylgjandi drög að forsögn.

3.4. Íþróttahús við Vallarskóla

Staðan:

Íþróttahúsið er 22m x 44m með áhaldageymslu (120 m²), áhorfendabekkjum fyrir 700 manns og búnings- og baðaðstöðu (sex búningsklefar og fjórir baðklefar). Þar eru 6 starfsmenn. Góður salur er í kjallara skólans sem hægt væri að nýta fyrir félagsstarf fyrir börn og unglunga sem eru að koma í íþróttir úr skólanum. Umsjón með salnum ætti að vera í höndum starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar.

Byggja þarf þjónustukjarna við húsið að lágmarki 160m² þar sem verði afgreiðsla, starfsmannaaðstaða, salerni fyrir áhorfendur og gesti hússins, auk lágmarks félagsaðstöðu fyrir þær deildir sem nýta húsið fyrir æfingar og keppni.

Bæta þarf aðkomu gesta og gangandi að íþróttahúsinu með lagfæringu á bílastæðum þar sem tekið er tillit til öryggis barna og unglunga og gerð góð aðstaða fyrir hjólreiðafólk.

Markmið:

// Að innan þriggja ára verði hafin bygging þjónustukjarna við íþróttahúsið og verði verkinu lokið 2012.

// Að gerð verði viðhaldsáætlun um lagfæringar og endurbætur á húsnæðinu sem unnið verði eftir á næstu fjórum árum og þeim lokið árið 2012.

3.5. Íþróttahúsið lða

Staðan:

Nýtt íþróttahús með sal sem er 48m x 26m, með útdraganlegum áhorfendabekkjum og skemmtilegri aðkomu þar sem gestir geta fylgst með því sem fram fer í salnum. Í húsinu er góð búnings- og baðaðstaða. Húsið er í eigu FSU en Árborg leigir húsið seinnipart dags og um helgar fyrir íþróttastarfsemi.

3.6. Íþróttahús við Sunnulækjarskóla

Staðan:

Húsið verður tekið í notkun í febrúar 2008. Salurinn er hefðbundinn salur fyrir íþróttakennslu og sérútbúinni aðstöðu fyrir fimleika með útdraganlegum áhorfendabekkjum.

Með tilkomu íþróttahússins skapast tækifæri á að bjóða almenningi afnot að íþróttasölum til iðkunar á t.d. badminton, öldungablaki og karla- og kvennabolta.

Markmið:

// Frá og með hausti 2008 verði gert ráð fyrir í stundatöflu hússins tíma fyrir almenning.

3.7. Íþróttahúsið Stokkseyri

Staðan:

Húsið er 19.5m x 11m að stærð, með smárymi fyrir áhaldageymslu. Starfsmannaaðstaða og búningsklefar í húsinu eru í lágmarki. Ungmennafélag

Stokkseyrar sér um reksturinn. Einn starfsmaður starfar við húsið í einu stöðugildi.

Hægt væri að auka rými og bæta vinnuaðstöðu talsvert með því að byggja áhaldageymslu við húsið.

Markmið:

// Byggt verði áhaldageymsla við húsið og eða fenginn hlut af sambyggðu iðnaðarhúsnæði. Keypt ný áhöld og tæki og eldri búnaður endurnýjaður fyrir 2010.

3.8. Íþróttahúsið Eyrarbakka

Staðan:

Íþróttahús/félagsheimili er með góðan sal sem er 10m x 25m með góðri áhaldageymslu, búnings- og baðaðstöðu. Einn starfsmaður starfar við húsið.

Salurinn er notaður fyrir íþróttakennslu á Eyrarbakka og nýtir íþróttahreyfingin húsið lítillega til æfinga fyrir börn og unglunga. Á efri hæð er lítill salur fyrir funda- og félagsaðstöðu sem væri hægt að nýta sem líkamsræktarsal fyrir íbúa.

Auka má starfsemina í húsinu til muna með viðbótarstöðugildi, bjóða upp á fjölbreyttara íþróttastarf fyrir börn og unglunga og auka útleigu til almennings, t.d. fyrir badminton, blak, knattspyrnu og körfubolta.

Markmið:

// Að auka starfshlutfall um 40% til þess að fá meiri notkun á húsinu.

// Að útbúa líkamsræktarsal í funda- og félagsaðstöðu á efri hæð fyrir árið 2010, með lágmarksbúnaði til líkamsræktar, t.d. hlaupabretti, skíðavél, stigvél og fjölnota æfingastöð.

3.9. Aðalíþróttaleikvangur Árborgar

Staðan:

Knattspyrnuvöllur og frjálsíþróttaaðstaða eru ekki viðunandi og hefur lítið verið við haldið á síðustu árum.

Landsmót UMFÍ verður haldið í Árborg 2012. Því er nauðsynlegt að byggja nýjan aðalleikvang fyrir Árborg með knattspyrnu- og frjálsíþróttavelli ásamt áhorfendastúku og búnings- og baðaðstöðu. Jafnframt þarf að íhuga stækkun á félagsaðstöðu UMF Selfoss sem gæti hugsanlega verið í nýrri stúkubyggingu.

Frjálsíþróttavöllur/ knattspyrnuvöllur:

Byggður verði frjálsíþróttavöllur með 8 beinar brautir og 6 hringbrautir, atrennubrautir fyrir langstökk, hástökk, stangarstökk og þrístökk, kúlu, kringlu, sleggjukast og spjótast ásamt tilheyrandi aðstöðu og búnaði. Völlurinn skal uppfylla allar kröfur

Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins varðandi æfingar og keppni.

Knattspyrnuvöllurinn verði að lágmarki 105m x 68m og skal uppfylla kröfur um lágmarksöryggissvæði kringum knattspyrnusvæði, með tvöföldu varamannaskýli ásamt öðrum búnaði. Völlurinn skal uppfylla allar reglur Alþjóðaknattspyrnusambandsins til æfinga og keppni.

Áhorfendastúka: Reist verði yfirbyggð stúka (fyrir allt að 1000–1500 manns) við aðalvöllinn, með fjórum búnings- og baðklefum fyrir æfingar og keppni, dómaraaðstöðu, félagsaðstöðu, salerni fyrir vallargesti, þvotta-og búningsaðstöðu og áhaldageymslur. Gera þarf ráð fyrir að hluti félagsaðstöðu UMF Selfoss verði í stúkunni.

Þegar fjölnotahúsið verður byggt verður hægt að nota búnings-og baðaðstöðu stúkunnar fyrir húsið.

Einnig mætti hugsa sér að reist verði yfirbyggð stúka (eins og byggð hefur verið í Grindavík og á Akranesi) fyrir 1000 áhorfendur, án búnings- og baðaðstöðu.

Þriðji möguleikinn er að byggð verði lítil stúka án yfirbyggingar fyrir 3–400 manns (eins og á Leiknisvelli í Breiðholti).

Mikilvægt er að stúkubygging uppfylli allar kröfur KSÍ varðandi þátttöku knattspyrnuliðs í efstu deild karla og kvenna í knattspyrnu.

Markmið:

- // Að uppbyggingu vallarins hefjist 2008 og verði lokið haustið 2010.
- // Að byggð verði áhorfendastúka með búnings- og baðaðstöðu ásamt tilheyrandi aðstöðu og verði lokið vorið 2012.

3.10. Æfingasvæði – knattspyrna

Staðan:

Gott æfingasvæði er sunnan við aðalvöllinn sem er einnig notað fyrir keppni í yngri flokkum. Mikilvægt er að gera áætlun um viðhald á svæðinu, götun, söndun og slátt.

3.11. Gervigrasvöllur á Selfossi

Staðan:

Nýr, upphitaður gervigrasvöllur var gerður haustið 2006 sem hefur gjörbreytt allri knattspyrnuíðkun utanhúss yfir vetrartímann til æfinga og keppni. Þótt völlurinn sé með hitakerfi mun kerfið ekki halda vellinum auðum í mestu snjóum og kuldum yfir vetrartímann og má reikna með að í tuttugu til þrjátíu daga gætu æfingar fallið niður.

3.12. Knattspyrnuvöllur Eyrarbakka

Staðan:

Knattspyrnuvöllur í fullri stærð, notaður til æfinga og keppni yfir sumartímann. Völlurinn er á sandundirlagi og er hann því tilbúinn til notkunar snemma á vorin.

Með góðri umhirðu, götun, söndun, áburðargjöf og reglulegum slætti má gera völlinn sléttari og betri.

Markmið:

// Gerð verði áætlun um viðhald og umhirðu vallarins vorið 2008.

3.13. Æfingavöllur Stokkseyri

Staðan:

Völlurinn nær ekki fullri stærð sem keppnisvöllur en er nýttur til æfinga og keppni yngstu flokka. Völlurinn er við hlið sundlaugarinnar og kajakleigunnar og er talsvert nýttur af hópum sem þangað koma.

Völlurinn býður upp á mikla möguleika í notkun og útleigu fyrir hópa eins og ættarmót og fjölskyldudaga. Með góðri umhirðu, götun, söndun, áburðargjöf og reglulegum slætti má gera völlinn sléttari og betri.

Nauðsynlegt er að búa til lágar grasmanir í kringum vallarsvæðið til þess að forðast það að ekið sé inná völlinn. Tilvalið er að nýta uppgröft úr grunni fyrir nýjum skóla á Stokkseyri.

Markmið:

// Gerð verði áætlun um viðhald og umhirðu vallarins vorið 2008.

// Að völlurinn verði markaðssettur fyrir fjölskyldudaga og ættarmót sumarið 2008.

3.14. Sparkvellir KSÍ

Staðan:

Í bæjarfélaginu eru fjórir KSÍ-sparkvellir. Við Sunnulækjarskóla, Vallarskóla, á Eyrarbakka og á Stokkseyri.

Bætt verði við nýjum sparkvelli í Fosshverfi og fjölgun sparkvalla fylgi síðan þróun skipulags og íbúafjölgunar í bæjarfélaginu.

Markmið:

// Að byggingu fimmta sparkvallar í Fosshverfi verði lokið 2010.

3.15. Golfvöllur**Staðan:**

Svarfhólsvöllur er 9 holu völlur frá 1986. Á vellinum er góður golfskáli með veitinga- og félagsaðstöðu og ágætu æfingasvæði.

Fram undan er færsla á núverandi golfvelli þar sem búið er að segja golfklúbbum upp leigusamningi um völlinn. Ljóst er að golfklúbburinn hefur ekki nema nokkur ár til stefnu til að koma upp nýjum velli og því mikilvægt að finna hentugt land undir nýjan völlum sem gæti orðið framtíðarsvæði klúbbsins og rúmað 18 holu völlum. Í dag er verið að skoða möguleika á uppbyggingu nýs vallar á ströndinni milli Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Markmið:

// Að búið verði að finna og skipuleggja nýtt land undir golfvöllum á árinu 2008.

// Að byggður verði upp í áföngum nýr 18 holu golfvöllur ásamt æfingasvæði, golfskála og tækjageymslum fyrir árið 2015.

3.16. Reiðvöllur / Reiðvegir**Staðan:**

Reiðvellir: Hringbraut fyrir íþróttakeppni 250m, fyrir gæðingakeppni 300m og 300m skeiðbraut. Við völlinn er viðunandi aðstaða fyrir áhorfendur. Á vellinu er hús fyrir tímatöku og mótahald.

Reiðvegir: Um 300 km af reiðvegum eru á félagssvæði Sleipnis og þar af 100 km í Árborg. Þrjár reiðleiðir eru nú niður á Stokkseyri og Eyrarbakka. Innan Selfoss er áætlað að séu um 15 km af reiðstígum.

Stefnumið:

- Næstu framkvæmdir við reiðstígagerð verði upplýstur reiðstígur norðan við núverandi vallarsvæði sem verði um 2 km að lengd. Þetta svæði verði notað yfir háveturinn til að halda hestum í þjálfun og nýtt sem upphitunarbraut á hestamótum á sumrin.
- Haldið verði áfram með uppbyggingu reiðvega í nágrenni við Selfoss sem nýtast hestamönnum um helgar á veturna og þegar dag fer að lengja.
- Áfram verði haldið með uppbyggingu á reiðvegum til lengri ferða á vorin og yfir sumartímann.
- Unnið verði með Flóahreppi að skipulagi reiðvega í svæðisskipulagi á landamörkum sveitarfélaganna.
- Skoða má sameiningu hestamannafélagsins Sleipnis, hesthúsaeigendafélags og hagsmunafélags um beitarrétt á Stokkseyri og Eyrarbakka. Þannig verði aðeins einn hagsmunaaðili gagnvart sveitarfélaginu.

Markmið:

- // Að gerður verði upplýstur 2 km reiðvegur norðan við vallarsvæði Sleipnis sem tekinn verði í notkun haustið 2010.
- // Að samstarf verði við Flóahrepp um svæðisskipulag reiðvega og því verði lokið 2008.
- // Að haldið verði áfram uppbyggingu reiðvega samkvæmt samningi við Sleipni sem gildir til 2012.

3.17. Göngu- og hjólreiðastígar:

Staðan:

Net göngu- og hjólreiðastíga er um Árborg sem er ætlað að auðvelda bæjarbúum að ferðast um bæjarfélagið og komast í þjónustumannvirki, skóla, íþróttahús, sundlaugar o.fl.

Á næstu árum verða gerðar enn frekari kröfur um vistvænan ferðamáta og eflingu lýðheilsu og munu hjólreiða- og göngustígar gegna lykilhlutverki í því sambandi. Því er mikilvægt að fyrir liggi greinargóð áætlun um hvernig viðhaldi

og uppbyggingu þeirra skuli háttað í framtíðinni.

Skipaður verði starfshópur um verkefnið sem hafi það hlutverk að gera áætlun og forgangsraða viðhaldi og uppbyggingu stíga. Huga þarf sérstaklega að öryggisþáttum, þar sem göngu- og hjólreiðastígar kom að götum og gatnamótum, með upphækkunum, litaaðgreiningu og góðum merkingum. Mikilvægt er að tenging stíganna við helstu stofnanir, íþróttamannvirki, útivistarsvæði og úthverfi bæjarins verði til fyrirmyndar.

Stefnt skal að því að Árborg verði þekkt fyrir góða göngu- og hjólreiðastíga sem hvetji íbúa til að hreyfa sig meira og stuðli þannig að vistvænum ferðamáta og góðri lýðheilsu í bæjarfélaginu.

Markmið:

// Skipaður verði starfshópur um uppbyggingu og endurnýjun göngu- og hjólreiðastíga. Starfshópurinn taki til starfa á árinu 2008 og leggi fram áætlun um forgangsröðun á uppbyggingu, endurnýjun og viðhald á árinu samkvæmt aðalskipulagi Árborgar.

3.18. Leiksvæði

Staðan:

Tuttugu og sjö leiksvæði eru í Árborg, af mismunandi stærð og gerð, og er þeim ætlað að þjónusta börn í öllum hverfum bæjarfélagsins. Nauðsynlegt er að viðhalda leiksvæðum og endurbæta í takt við tímann hverju sinni og kröfur um öryggi.

Markmið:

// Gerð verði fjögurra ára áætlun um uppbyggingu, endurnýjun og viðhald leiksvæðanna 2008. Verkefninu verði forgangsraðað og endurnýjun og viðhald dreifist jafnt á hverfi bæjarins á tímabilinu.

// Farið verði í áttak til eflingar leikja á leiksvæðum bæjarins yfir sumartímann.

Átakið hefst sumarið 2008. Tilgangur þess að efla áhuga barna á leikjum og hvetja til aukinnar hreyfingar. Áhersla verður lögð á kennslu gömlu, góðu hópleikjanna.

3.19. Púttvellir:

Staðan:

Enginn púttvöllur er í Árborg í dag. Koma þyrfti upp a.m.k þremur púttvöllum á næstu tveimur árum. Þeir verði settir upp við sundlaugarsvæðið á Stokkseyri og miðsvæðis á Eyrarbakka og í nágrenni við við Grænumörk á Selfossi þar sem félagsstarf aldraða fer fram.

Markmið:

// Að lokið verði við gerð vallanna á næstu þremur árum.

3.20. Blakvellir (úti)

Staðan:

Enginn útiblakvöllur er í Árborg. Stefnt skal að sandblakvelli á aðalíþróttasvæði Árborgar og við íþrótt- og sundlaugarsvæðið á Stokkseyri sem mun nýtast vel á fjölskyldu- og ættarmótum.

Markmið:

// Að lokið verði við gerð vallanna á næstu tveimur árum.

3.21. Körfuboltavellir (úti):

Staðan:

Í Árborg eru nokkur æfingarsvæði þar sem hægt er að æfa og spila körfubolta utandyra.

Settur verði upp æfinga- og keppnisvöllur utanhúss (eins og settur hefur verið upp í Reykjanesbæ og hefur reynst vel). Völlurinn verði staðsettur í tengslum við skóla eða á aðalíþróttasvæði Árborgar.

Markmið:

// Að völlurinn verði kominn upp fyrir haustið 2008.

3.22. Fjölnota íþróttahús

Miklar væntingar eru í bæjarfélaginu um að byggt verði fjölnotaíþróttahús í Árborg, þar sem sköpuð verði aðstaða fyrir knattspyrnuæfingar og keppni yfir vetrartímann, æfingaaðstaða fyrir frjálsíþróttafólk, aðstaða fyrir eldri borgara, fyrir skokkhópa, golfæfingar yfir vetrartímann með þúttastöðu o.fl. Húsið nýtist fyrir kennslu í grunn- og framhaldsskólum, fyrir jaðaríþróttir og fyrir ýmsar upptökur í bæjarfélaginu.

Með byggingunni losnar um tíma í öðrum íþróttahúsum fyrir t.d. handbolta, körfubolta, blak, badminton og almenning.

Lagt er til að húsið verði byggt í tengslum við núverandi íþróttasvæði. Þannig væri hægt að samnýta búnings- og baðaðstöðu bæði fyrir fjölnotahús og aðalíþróttasvæði Árborgar.

Tveir möguleikar eru á því að byggja slíkt hús. Annars vegar að byggja yfir núverandi gervigrasvöll en hins vegar að gera nýjan, yfirbyggðan völl.

Stærð á fjölnotahúsi:

- Flatarmál hússins þyrfti að vera allt að 10.000 m²
- Knattspyrnuvöllurinn verði að lágmarki 105m x 68m (gervigrasið 108m x 71m) og uppfylli alla staðla KSÍ sem keppnisvöllur.
- Frjálsíþróttaaðstaða með að lágmarki fjórar 100 m brautir langs ásamt stökksvæði, langstökks- og stangarstökksaðstöðu.
- Góð göngu- og skokkaðstaða á gerviefni kringum knattspyrnuvöllinn.
- Aðstaða fyrir golf (þútt- og driveaðstaða).

Hægt er að byggja búnings- og baðaðstöðu við húsið eða gera ráð fyrir henni í

áhorfendastúku við aðalvöllinn. Skóða þarf mismunandi uppbyggingar- og rekstrarform á slíku húsi.

Markmið:

// Að farið verði í undirbúningsvinnu að byggingu hússins 2009.

// Að slíkt hús verði komið í notkun fyrir 2014.

3.23. Reiðhöll

Hestamannafélagið Sleipnir hefur fengið nokkra aðila til hugsanlegs samstarfs um undirbúning fyrir stofnun reiðskóla ásamt byggingu reiðhallar, sýningar- og skrifstofuhúss á athafnasvæði félagsins austan við Selfoss. Hugmyndir eru um að byggja reiðhöll yfir 250 metra keppnisvöll með áhorfendasvæðum. Við reiðhöllina verði þjónustu- og skrifstofubygging með sýningasölum fyrir fyrirtæki sem starfa á Suðurlandsundirlendinu og hafa áhuga á að kynna sína starfsemi.

Markmið verkefnisins er að efla veg hestamennsku á Íslandi, og efla kennslu í hestamennsku, tæmningum og reiðmennsku á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi og þegar horft er til framtíðar, á háskólastigi á Íslandi.

Einnig að efla mikilvægi Árborgar sem ferðamannastaðar og kynna og efla landbúnað og þróun landbúnaðar á Íslandi

Einnig væri hægt að byggja minni reiðhöll sem væri um 2.400m² (30m x 80m) að stærð og sem má skipta upp í tvö reiðsvæði með tjaldi þannig að kennsla getur verið á öðru svæðinu og hinn almenni félagsmaður á hinu. Aðstaða verði fyrir allt að 200 áhorfendur og dyr á göflum þannig að hægt verði að skeiðleggja gegnum höllina og ekki skemmdi fyrir ef skeiðbrautin væri í framhaldi af reiðhöllinni.

Þar sem Suðurland er að verða „Mekka“ hestamennsku á Íslandi væri æskilegt að byggja reiðhöll sem uppfyllti skilyrði LH um Íslandsmót hestamanna innan húss.

Markmið:

// Gerður verði samningur við Hestamannafélagið Sleipni um uppbyggingu reiðhalla á félagssvæði þess og hún tekin í notkun 2012.

3.24. Jaðaríþóttir:

Takmörkuð aðstaða er fyrir jaðaríþóttir í bæjarfélaginu. Þó eru hjólabrettarampar við íþróttahúsið á Stokkseyri og við Sundhöll Selfoss.

Lagt er til að jaðaríþóttir verði byggðar upp í samstarfi við félagsmiðstöðina Zelsíus og nýtt ungmennahús í Árborg og þær þróaðar í takt við áhugasvið unglinga hverju sinni í formi klúbba t.d. snjóþrettaklúbb, go-cartklúbb, kajakkklúbb, fjallahjólaklúbb, útivistarklúbb, fjallaklifurklúbba, hjólabretta- og línuskautaklúbb.

Mikil aukning hefur orðið í mótórcrossíþóttinni síðustu ár og mikilvægt er að skapa þessum hópi aðstöðu til æfinga og keppni.

Markmið:

// Að hugað verði að hentugu húsnæði til leigu fyrir jaðaríþóttir yfir vetrartíman eins og t.d. hjólabretti og línuskauta fyrir 2010.

// Farið verði markvissa uppbyggingu á mótórcrossaðstöðu í samstarfi við fulltrúa mótórcrossíþóttarinnar í Árborg sem verði tilbúin 2012.

Tillögur að stefnumótun Sveitarfélagsins Árborgar í
íþróttum og tómstundamálum 2008-2015